



LEIKSKÓLINN  
AÐALÞING

Berist Leikskólanefnd  
Kópavogs

Kópavogi: 14.4.2015

**Efni: Óskir um breytingar á fyrirkomulagi skipulagsdaga.**

Ágæta leikskólanefnd.

Á fundi leikskólanefndar þann 15. janúarvar samþykkt „...að leikskólar skili skóladagatali þar sem fram koma lokunardagar fyrir 15. apríl.“

Á þeim fundi var einnig bókað: „Kjarni deilunnar um skipulagsdaga er fjöldi lokunardaga. Haft skal að leiðarljósi að skipulagsdagar leikskóla samræmist lokunardögum grunnskóla.“

Skipulagsdagar í Aðalþingi hafa undanfarin ár verið ákveðnir í nánu samráði við foreldra eins og kom fram í greinargerð sem leikskólanefnd var send 1. desember 2014.

Unnið hefur verið í nánu samstarfi við foreldraráð sem er hinn lögformlegi umsagnaraðili og fulltrúi foreldra en jafnframt hafa foreldrar látið afstöðu sína í ljós í netkönnunum og tillögur skólans hafa verið byggðar á eindreginni afstöðu foreldrahópsins.

Haft hefur verið að leiðarljósi að sem flestir skipulagsdagar séu tímasettir þegar grunnskólar hafa líka lokað. Milli jóla og nýárs er nýting á leikskólum að jafnaði mjög lítil. Sú er almennt raunin víða um land og líka í Kópavogi. Tíðkast hefur að gefa starfsfólki frí í stórum hópum þó skólinn sé að nafninu til opinn. Fjölmörg dæmi eru um það að nánast engin og jafnvel alls engin börn koma í leikskóla þessa daga.

Í Aðalþingi höfum við áttað okkur á að það er hagstætt að hafa leikskólann lokaðan vegna skipulagsdaga milli jóla og nýárs þar sem þetta er tími sem foreldrar nýta hvort eð er ekki. Skipulagsvinna hefur farið fram á kvöldfundum mánaðarlega, enda er mjög mikilvægt að þeirri vinnu sé sinnt jafnt og þétt en þegar kemur að tímanum milli jóla og nýárs er skólanum lokað enda fólk búið að vinna þessa daga af sér.

Leikskólanefnd og bæjarráð höfnuðu þessu fyrirkomulagi í desember síðastliðnum og fjöldi starfsmanna var því boðaður til vinnu, en þegar á reyndi komu engin börn í skólann.

Foreldrar og starfsfólk Aðalþings hafa haldið áfram þróunarstarfi sínu hvað skipulagsdaga varðar og við höfum áttað okkur á því að það fyrirkomulag að draga úr þjónustu og loka fyrir þjónustu til að hægt sé að skipuleggja hana er e.t.v. barn síns tíma. Engri starfsemi í nútímaþjóðfélagi er þannig fyrir komið að leggja þurfi þjónustu niður meðan hún er skipulögð. Þetta tíðkast ekki í heilbrigðisþjónustu, ekki í ferðaþjónustu eða nokkurri annarri almannaðjónustu. Kannski er komið að því að rekstraraðilar þurfi að hagræða með öðrum hætti og gefa kost á skipulagsvinnu utan hefðbundins þjónustutíma.

**Í Aðalþingi viljum við nú stíga skref í þá átt og fækka skipulagsdögum.**

Hefð er fyrir því og sérstakar samþykkir um að leikskólar fái heimild til að hliðra til tímasetningum skipulagsdaga vegna námsferða. Fyrirhuguð er námsferð starfsfólks Aðalþings næsta vor í tengslum við sumardaginn fyrsta.

Við höfum borið niðurstöður hugmyndavinnu okkar um fyrirkomulag skipulagsdaga næsta skólaárs undir foreldra þeirra barna sem verða hér áfram næsta skólaár. Afstaða þeirra er mjög eindregin. **Ríflega 99% foreldra eru á einu máli um tillögurnar.** Sérstaklega er gerð grein fyrir könnuninni og niðurstöðum hennar í fylgiskjali.

Með hliðsjón af ofangreindu leggja foreldraráð Aðalþings, stjórnendur og rekstraraðilar fram eftirfarandi þrjár tillögur:

1. Óskað er eftir að skipulagsdagar haustannar í Aðalþingi verði milli jóla og nýárs, nánar tiltekið 29. og 30. desember (opið verði 28. desember).
2. Óskað er eftir að tveir skipulagsdagar liggi að sumardegnum fyrsta þann 21. apríl 2016 vegna náms- og kynnisferðar starfsmanna.
3. Ef ofangreindar tillögur verða samþykktar óskum við eftir að skipulagsdagar verði einungis fjórir næsta skólaár enda eru rekstraraðilar tilbúnir að koma því svo fyrir að starfsmannafundir verði haldnir utan hefðbundins þjónustutíma leikskólans.

Vinsamlegast,

---

Hörður Svavarsson  
skólastjóri Aðalþingi

---

f.h. Sigöldu reksraraðila Aðalþings  
Guðrún Alda Harðardóttir

---

f.h. Foreldraráðs Aðalþings  
Sara Hlín Sigurðardóttir

**Fylgiskjal:** Um spurningakönnun meðal foreldra í Aðalþingi á viðhorfi þeirra til fyrirkomulags skipulagsdaga 2015-2016

Tekið saman

sem fylgiskjal með erindi Foreldraráðs  
og stjórnenda Aðalþings til Leikskólanefndar  
13. apríl 2015.

# Um spurningakönnun

## meðal foreldra í Aðalþingi á viðhorfi þeirra til fyrirkomulags skipulagsdaga 2015-2016

### **Undanfari:**

Undanfarið hafa stjórnendur og foreldraráð í Aðalþingi unnið að nýjum tillögum um fyrirkomulags skipulagsdaga.

Föstudaginn 10. apríl fengu foreldrar sem eiga börn sem verða áfram í skólanum næsta vetur kynningarpóst þar sem boðað var að send yrði spurningakönnun til þeirra næsta dag og þeim byðist þá að velja á milli hugmynda skólans og foreldraráðs annarsvegar og almenns skóladagatals Kópavogs hinsvegar. Þess var getið að tillögur sem skólanum bæri að senda fyrir 15. apríl samkvæmt ákvörðun Leikskólanefndar myndu byggja á niðurstöðum könnunarinnar.

Í kynningarbréfinu kom m.a. fram að

“...það hefur mælst mjög vel fyrir hjá foreldrum að við setjum helming skipulagsdaga niður á tímann milli jóla og nýárs þegar nýting á leikskólum er hvort eð er í algjöru lágmarki en bæjaryfirvöld eru ekki sérlega fús til að samþykkja slíkt fyrirkomulag.

Nú viljum við ganga skrefinu lengra í að koma til móts við foreldra og fækka skipulagsdögum hér í Aðalþingi um þriðjung.

Við leggjum til að skipulagsdagar verði einungis fjórir því sá háttur að leggja niður þjónustuna meðan þjónustan er skipulögð hlýtur að vera barns síns tíma og það þarf að vinna að því að þetta fyrirkomulag leggist af.”

### **Könnunin:**

Laugardaginn 11. apríl var keyrður út úr Mentorkerfinu netfangalisti hjá öllum foreldrum á þremur deildum. Foreldrum barna á elstu deildinni var sleppt því þau börn hætta í skólanum í haust. Um er að ræða 93 börn og fundust í sumum tilfellum netföng beggja foreldra.

Spurningalisti var settur upp í viðurkenndu rafrænu spurningakerfi og var kerfið þannig stillt að nafnleyndar var gætt og rekjanleiki með ip tölum eða netföngum var ómögulegur.

Spurt var tveggja spurninga.

#### Sú fyrri hljóðar svo:

“Hvorn kostinn á fyrirkomulagi skipulagsdaga vilt þú frekar?” Svarmöguleikar voru tveir:

- a) Skipulagsdagar verða einungis fjórir, tveir milli jóla og nýárs (opið 29. desember) og sitt hvorum megin við sumardaginn fyrsta (20. og 22. apríl).
- b) Skipulagsdagar verða fimm eða sex og dreift á báðar annir leikskólaársins.

#### Seinni spurningin hljóðaði svo:

“Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?”

Þetta er opin spurning og svarmöguleikar voru því ekki fyrirfram gefnir.

Þátttakendum var frjálst að skrifa hvað sem er.


Hægt var að ljúka könnuninni og sleppa annarri spurningunni eða báðum. Könnunin stóð frá hádegi á laugardag til hádegis á mánudag eða í tvo sólarhringa samfellt.

#### Niðurstöður:

Svör bárust frá 103 foreldrum. Það er 67,7% þátttaka.

Við spurningu 1 völdu 102 foreldrar sama svarmöguleikann, þ.e. a) Skipulagsdagar verða einungis fjórir, tveir milli jóla og nýárs.... Það táknar að ríflega 99% svarenda völdu þann kost.

Við þessari spurningu valdi einn svarenda kost b) um að skipulagsdögum verði dreift á báðar annir skólaársins. Það er 0,9%.



Við spurningu 2 gafst fólki kostur á að skrifa hvað sem er og kusu 18 þátttakendur að notfæra sér þann möguleika eða 17,5% þátttakenda. Ekki er hér gerð tilraun til að flokka þau svör en þau eru eftirfarandi:

“Frábært hjá ykkur!! Alveg sammála því að þetta fyrirkomulag sé barn síns tíma!”

“Líst mjög vel á að þið séuð að skipuleggja skipulagsdagana enn betur :)”

“Takk fyrir að bjóða okkur foreldrum að taka þátt í að ákveða þessa skipulagsdaga og takk fyrir að taka á þessu fánanlega skipulagi Kópavogsbæjar þegar kemur að skipulagsdögum :)”

“Flott hjá ykkur að fara með þetta lengra.”

“Flott hjá ykkur að standa á ykkar.”

“Gott hjá ykkur!”

“pass”

“Frábært framtak í bættri þjónustu við foreldra”

“Mér er alveg sama hvort a) eða b) verður, finnst bara að það sem hentar ykkur best eigi að gilda.”

“Þetta er mjög góð hugmynd og það væri gott að sjá þessa daga”

“Starfsfólk Aðalþings er á heimsmælikvarða!”

“Frábær hugmynd”

“Þið eruð frábær!”

“Um að gera að hafa þetta í skipulag við skólana”

“Mjög ánægð með fyrirkomulagið sem var í fyrra, að hafa lokað milli jóla og nýárs”

“Takk fyrir að vinna vel fyrir okkur”

“Takk fyrir að bjóða okkur þennan valkost. Mér finnst fyrri valmöguleikinn vera flott lausn hjá ykkur! En mér fannst mjög fínt að hafa bara lokað milli jóla og nýárs og styð ykkur í því ef það skyldi ekki vera út af borðinu.”

“Er mjög ánægður með hvernig Leikskólinn heldur á málum.”